

Nd.

## 86. Frumvarp til laga

um veitingu prestakalla.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason, Sigurður Bjarnason.

### 1. gr.

Forseti Íslands skipar presta íslenzku þjóðkirkjunnar og veitir þeim lausn frá störfum.

### 2. gr.

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem borizt hafa, og hverjum skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrír aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í álitinu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því. Sé hlutaðeigandi prófastur meðal umsækjenda, skal þó leitað álits sóknarnefnda einna, og sé það samhljóða álit biskups, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veiting þessara embætta.

### 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 frá 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að koma í bága við lög þessi.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Á síðasta Alþingi fluttum við frv. til laga um veitingu prestakalla, þar sem gert var ráð fyrir afnámi prestskosninga, en að prestar skyldu skipaðir í embætti af forseta Íslands sem aðrir embættismenn hliðstæðir. Háttv. menntmn. Nd. fékk málið til meðferðar, og sendi hún það kirkjuráði og biskupi til umsagnar. Kirkjuráð taldi lagabreytingu þá, sem í frv. fólst, réttmæta og mælti með því, að frv. yrði samþykkt með nokkurri breytingu. Biskup lagði hins vegar gegn því, að frv. yrði afgreitt á því þingi.

Mál þetta hefur síðan verið rætt meðal presta og annarra þeirra, er áhuga hafa á því, og virðist hafa hlotið góðar undirtektir. Hafa prestafundir m. a. gert ályktanir um stuðning við málið. Svo virðist sem fjölmargir ef ekki flestir prestar og aðrir áhugamenn á þessu sviði séu þeirrar skoðunar, að núverandi fyrirkomulag á veitingu prestsembætta sé óheppilegt. Hins vegar munu skoðanir allmjög skiptar um, hvaða skipun eigi að taka upp í staðinn, en þar koma ýmsar leiðir til greina. Við, sem þetta frv. flytjum, teljum það meginatriði málsins, að sjálfar prestskosningar verði lagðar niður. Tilgangurinn með því er þó engan veginn sá að bægja sófnuðum frá áhrifum á skipun presta sinna, en slík áhrif er hægt að tryggja með margvislegum öðrum hætti en að stofna til kosningar og alls þess, er því fylgir. Við erum því fúsir til þess að taka til athugunar allar skynsamlegar tillögur um nýja skipun á þessum embættaveitingum, en eina ákveðna tillagan, sem fram hefur komið opinberlega af hálfu kirkju eða presta um breytta skipun í þessum málum, er fyrrnefnd samþykkt kirkjuráðsins.

Nú, er við flytjum frv. þetta öðru sinni, höfum við gert á því þá breytingu, sem kirkjuráðið lagði til að gerð yrði, en hún er sá, að verði biskup, hlutaðeigandi héraðsprófastur og sóknarnefndir sammála í álitinu sínu um umsækjendur, en þessum aðilum skal senda umsóknir allar um prestsembætti til umsagnar, þá skuli veita embættið samkvæmt því. Við höfum þó bætt því við, að sé hlutaðeigandi héraðsprófastur meðal umsækjenda, skuli ekki leitað umsagnar hans, heldur einungis biskups og sóknarnefndar.

Svo sem kunnugt er, mæla gildandi lög um veitingu prestakalla svo fyrir, að umsóknum um laus prestaköll skuli skotið undir almennt kjör hlutaðeigandi safnaða og skulu embættin veitt samkvæmt úrslitum kosningar, ef lögmæt er. Engin önnur embætti ríkisins eru veitt með þessum hætti, og er ekki kunnugt, að nokkrum hafi til hugar komið að taka upp kosningar á öðrum embættismönnum eða opinberum starfsmönnum. En á hinn bóginn hefur þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla sætt mikilli gagnrýni, og raddir verið uppi, bæði presta og annarra, um að afnema prestskosningar og hverfa að annarri skipan þessara mála.

Það er ofætlun að vænta þess, að þorri atkvæðisbærra safnaðarmanna geti að jafnaði lagt rökstuddan úrskurð á embættishæfni þeirra, sem þeir eiga um að dæma á kjördegi. Sú venja hefur eðlilega skapast, að þeir, sem um prestsembætti sækja, dveljist nokkuð á meðal væntanlegra kjósenda, enda hlýtur kosningafyrirkomulagið að gera ráð fyrir verulegum kynnum kjósenda af umsækjendum. Að öðrum kosti er það hefndargjöf ein að fela almenningi málið til úrskurðar. En samkeppni um hylli kjósenda er ekki holl eða heppileg fyrir stéttina og árangur slíkrar samkeppni gefur engan veginn örugga vísbendingu um starfshæfni eða mannkosti. Á það er og að líta, að þeir, sem í embættum eru, geta ekki átt langdvalir í öðrum sóknum án þess að afrækja störf sín. Kandidatar eiga í þessu efni hægara um vik, en embættismönnum er gert því erfiðara fyrir sem þeir eru samvizkusamari og eru umfangsmeiri störfum bundnir. Með þessu skapast ómaklegur aðstöðumunur, enda hefur raunin orðið sú, að sóknarprestum reynist óeðlilega örðugt að skipta um verkahring. Nú er hverri stofnun nauðsyn að geta flutt starfsmenn til. Það er eitt af skilyrðunum fyrir því, að þeir njóti sín og æskileg not verði að kröftum þeirra. Menn endast betur í embættum, ef þeir eiga greiða aðstöðu til þess að skipta um verksvið og njóta reynslu sinnar í nýju umhverfi og hverfa þá síður frá þjónustu á starfsaldri. Eins og nú er, er það meiri erfiðleikum bundið en eðlilegt er fyrir þá, er prestsembættum gegna, að færa sig til og skipta um verkahring. Menn hika að vonum við að leggja út í harðvítuga kosningabíð, dvelja á fjarlægum stöðum við ærinn tilkostnað og jafnvel stofna mannorði sínu í hættu fyrir tvísýna von um, að orðstír þeirra, reynsla eða hæfileikar hljóti náð fyrir augum þess meiri hluta, sem úrskurðinn fellir á kjördegi. Prestsstarfið er svo fjölþætt, að stundarkynning og framkvæmd fárra helgiathafna nægir ekki til þess að gefa almenningi haldgóðan grundvöll fyrir úrskurði atkvæða. Auk þess er það á almannavitordi, að í prestskosningum gætir tíðum annarra sjónarmiða í afstöðunni til umsækjenda en þeirra, sem til greina skyldu koma við val á sóknarpresti. Menn skiptast í flokka eftir stjórnsmálaskoðunum eða einhverjum dægurmálum héraðsins, svo ekki sé annað til tekið (svo sem útlit umsækjenda, hjúskaparstétt þeirra, efnahagur, búmennska o. þ. u. l.). Slík óviðkomandi hitamál verða ósjaldan til ýfinga í sambandi við prestskosningar og flokkadrátta innan hlutaðeigandi safnaða, til stórtjóns fyrir safnaðarlífið og skaða fyrir umsækjendur, ekki sízt fyrir framtíðarstarf og aðstöðu þess manns, sem embættið hlýtur. Má hiklaust fullyrða, að þetta fyrirkomulag sé bæði prestastéttinni og kirkjunni sem stofnun til tjóns og tryggi enganveginn heldur í reyndinni ábyrgu safnaðarfólki þá ihlutun um ráðstöfun þessara embætta, sem gildandi lög gera ráð fyrir og verið hefur tilgangurinn með setningu þeirra.

Fyrirnefndar umsagnir kirkjuráðs og biskups eru prentaðar hér með sem fylgiskjal.

### Fylgiskjal I.

#### Umsögn kirkjuráðs.

Mánudaginn 12. maí 1947, kl. 2 síðdegis, kom kirkjuráðið saman á fund á Hótel Borg. Mættir voru Gísli Sveinsson sýslumaður, Ásmundur Guðmundsson og Matthías Þórðarson. Séra Þorsteinn Briem var enn erlendis til lækninga. Biskup hafði tjáð forföll, og stýrði prófessor Ásmundur Guðmundsson fundi.

1. Fundurinn var haldinn í tilefni af bréfi menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. marz þ. á., þar sem beiðzt er umsagnar kirkjuráðsins um frumvarp til laga um veiting prestakalla, sem nú liggur fyrir Alþingi, þingskjal 400, ásamt framkominni breytingartillögu á þingskjali 442. Fundarstjóri las frumvarpið og breytingartillöguna og lagði þar með málið fyrir fundinn.

Fundurinn samþykkti að svara menntamálanefndinni á eftirfarandi hátt:

„Kirkjuráðið hefur meðtekið bréf háttv. menntamálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 1. marz þ. á., þar sem óskað er umsagnar ráðsins um frumvarp til laga

um veiting prestakalla, sem borið hefur verið fram á yfirstandandi þingi (á þskj. 400), ásamt breytingartill. við það á þskj. 442.

Kirkjuráðið telur, eins og nú er komið, lagabreyting þessa réttmæta og vill mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Þegar prestakall losnar, skal biskup Íslands í samráði við kirkjumálaráðherra auglýsa það með hæfilegum umsóknarfresti. Að honum loknum skal biskup senda kirkjumálaráðherra rökstutt álit sitt á umsóknum þeim, sem borizt hafa, og hverjum skuli veitt embættið. Enn fremur skal leitað álits hlutaðeigandi héraðsprófasts um umsóknirnar, áður en embættið er veitt, svo og sóknarnefndar eða sóknarnefnda í prestakallinu, og greiði þær atkvæði um það á sameiginlegum fundi. Ef þessir þrjú aðilar, biskup, héraðsprófastur og sóknarnefndir, verða á eitt sáttir í álitinu um umsækjendur, skal veita embættið samkvæmt því.

Setja skal í reglugerð, eftir því sem þurfa þykir, nánari ákvæði varðandi veiting þessara embætta.

Loks vill kirkjuráðið geta þess, að það telur æskilegt, að sem fyrst verði settar ákveðnar reglur fyrir veitingu embætta í ríkinu, prestsembætta og annarra.“

.....  
Ásmundur Guðmundsson.      Gísli Sveinsson.      Matthías Þórðarson.

## Fylgiskjal II.

### Umsögn biskups.

Reykjavík, 7. marz 1947.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi 1. þ. m. sent mér til umsagnar frv. til laga um veitingu prestakalla á þskj. 400 ásamt breytingartillögu á þskj. 442 við nefnt frumvarp.

Um veitingu prestakalla hér á landi á undanförunum öldum hafa mjög margvíslegar leiðir verið farnar.

Í kaþólskum sið voru það biskuparnir, er veittu flest prestsembætti hér á landi, en fóru þó oft í því að tillögum safnaðanna. Erkibiskupar veittu þó stundum beztu brauðin. Bændur, sem kirkjur létu gera á bæjum sínum eða áttu kirkjustaðina, fengu þó snemma allmikil ráð um það, hverjir þar yrðu prestar. Höfðu þeir meðal annars rétt til að stinga upp á nokkrum þeim prestum, er þeir kusu að fá að kirkju sinni, og var þá biskup bundinn við að veita embættið einhverjum þeirra, er til var nefndur.

Þegar siðaskiptin komust hér á, var svo fyrir mælt í kirkjuordinanziunni, að sóknarbændur skyldu sjálfir kjósa sér presta. Þetta mun þó yfirleitt ekki hafa komið til framkvæmda, heldur veittu biskuparnir brauðin eftir sínu höfði, en síðan amtmenn að fengnum tillögum biskupa. Jafnframt tók konungur sjálfur sér vald til að veita ýmis brauð, ef sótt var um þau beint til hans.

Með konungsbréfum 10. maí 1737 og 29. jan. 1740 áskilur konungur sér rétt til að veita nokkur beztu brauð landsins. Miðlungsbrauð veitti stiftamtmaður eftir tillögum biskups, en konungur varð þó að staðfesta veitunguna. En til veitingar hinna lélegustu brauða þurfti ekki slíka staðfestingu konungs.

Þannig stóðu málin fram til 1850, er konungur úrskurðaði 14. maí það ár, að öll miðlungsbrauð skyldu stiptamtmaður og biskup veita í sameiningu í kóngsins nafni, en ef þeir yrðu ekki sammála, skyldi kirkjumálaráðherrann danski skera úr eða konungur sjálfur.

Með tilsk. 15. des. 1865 verður sú breyting á, að stiftsyfirvöldin veita öll þau brauð, er konungur ekki veitti sjálfur (þ. e. brauð undir 700 rd.), en eru þó skyldug að leita staðfestingar konungs á veitingunni, nema hinna allra lélegustu brauða.

Þessu er enn breytt með konunglegri auglýsingu 3. okt. 1884. Er þá landshöfðingja fengið það vald, er stiftsyfirvöldin áður höfðu um brauðaveitingar.

Rúmu ári síðar, 8. jan. 1886, koma svo lög um prestskosningar, þar sem ákveðið er, að söfnuðirnir sjálfir kjósi presta. Skal landshöfðingi með ráði biskups velja 3 úr hópi umsækjenda, er kjósa skal um. En séu umsækjendur aðeins þrír, skal kosið um tvo þeirra. Kjöraldur miðaðist við 25 ár. Fái einhver umsækjenda helming greiddra atkvæða, er hann löglega kosinn. Ella er veitingarvaldið eigi bundið við úrslit kosningar, en skal þó taka tillit til óska safnaðanna eftir því, sem því þykir rétt vera.

Helmingur atkvæðisbærra manna þarf að neyta kosningarréttar til þess að kosning geti verið lögmæt. Ef aðeins er einn umsækjandi, fer kosning fram eigi að síður, og geta kjósendur þá valið hann eða hafnað honum.

Með lögum nr. 28 16. nóv. 1907 er sú meginbreyting gerð, að kosið er um alla umsækjendur. Núgildandi lög um veitingu prestakalla frá 3. nóv. 1915 eru í öllum meginatriðum samhljóða að efni lögnum frá 1907, nema kjörstaðir eru þar ákeðnir í hverri sókn, en áður var aðeins einn kjörstaður fyrir allri prestakallið.

Af þessu yfirliti má sjá, að þegar við siðaskiptin var svo til ætlaðt, að safnaðarmenn sjálfir kysu presta sína. Þennan rétt sölsaði konungur síðan undir sig, að því er öll beztu brauð landsins snerti, en amtmenn og stiftsyfirvöld náðu veitingum hinna minni brauða í sínar hendur, en biskupar höfðu þar tillögurétt, og sá réttur síðan aukinn að nokkru. Ekkert af þessu hefur þótt vel gefast, og straumur tímans hnígur smám saman allur í þá átt að fá söfnuðunum á ný í hendur ákvörðunarréttinn um það, hverjir skuli verða prestar þeirra. Og nú um skeið, eða um 40 ár, hafa söfnuðir landsins raunverulega haft úrskurðarvaldið í veitingum prestakalla í sínum höndum, ef þeir á annað borð hafa haft á því vilja og áhuga.

Með frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að hverfa aftur að svipuðu fyrirkomulag og hér gildi um veitingu miðlungsbrauða á tímabilinu 1740—1850. Kemur hér kirkjumálaráðherra í stað stiftamtmanns, en forseti Íslands í stað konungs. En með breytingartillögu á þskj. 442 er bætt við því ákvæði, að auk biskups skuli einnig hlutaðeigandi héraðsprófastur og sóknarnefndir segja álit sitt um umsóknir.

Ekki eru í frumvarpinu nein ákvæði um það, á hvern hátt sóknarnefndirnar skuli láta álit sitt í ljós, hvort þær skuli gera það hver um sig eða á sameiginlegum fundi allra sóknarnefnda prestakallsins, hvort prófastur skuli boða slíka fundi og vera þar sjálfur viðstaddur og stýra þeim eða ekki, hvort sóknarnefndir skuli láta í ljós álit sitt um umsækjendur þegar í stað, eða þeim sé veittur ákveðinn frestur, frá því málið er fyrst lagt fyrir þær, til þess að afla sér upplýsinga um umsækjendur, og taki að því búnu á nýjum fundi ákvarðanir sínar, og loks hvort leynileg atkvæðagreiðsla skuli fram fara meðal sóknarnefndarmanna um umsækjendur eða opinber, og enn fremur hvort greiða skuli atkvæði um hvern umsækjanda um sig eða alla í sameiningu. Allt eru þetta atriði, sem máli skipta og skýr ákvæði eru um í lögum með öðrum þjóðum, þar sem sóknarnefndir eða sóknarráð hafa einhverja ihlutun um veitingu prestsembætta.

Einnig kemur mjög til álita, hvort þessir þrír aðilar, biskup, prófastur og sóknarnefndir, eigi aðeins að hafa ráðgefandi vald í þessum málum, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, eða hvort veitingarvaldið eigi að vera heinlínis bundið af vilja þessara þriggja aðila, ef þeir verða á eitt sáttir. Ég verð að segja það, að enda þótt kosning presta tryggi það engan veginn, að söfnuðir velji sér jafnan hinn hæfasta prest úr hópi umsækjendanna, þá liggur heldur engin trygging fyrir slíku í því fyrirkomulagi, sem hér er gert ráð fyrir, sérstaklega þegar þess er gætt, að hér á landi er hvorki til sérstakt kirkjumálaráðherraembætti né kirkjumálaráðuneyti með sérstökum skrifstofustjóra, er eingöngu fari með kirkjuleg mál og sérþekkingu hafi í þessum efnunum. Þjóðkirkjan íslenska hefur, eins og nú stendur, enga tryggingu þess, að sá ráðherra, sem fer með kirkjumálin hverju sinni, hafi neina sérþekkingu á kirkjumálum né áhuga á þeim, sé kirkjumálefnum persónulega hlynntur eða jafn-

vel tilheyri sjálfur þjóðkirkjunni. Og þegar svo þar við bætist, að ekki er heldur til skrifstofustjóri sérstaks kirkjumálaráðuneytis honum til ráðuneytis, er sérþekking hafi á kirkjulegum málefnum, þá tel ég vafasaman ávinning fyrir kirkjuna að taka valdið að því er snertir skipun prestsembættanna úr höndum safnaðanna og fá það að verulegu leyti kirkjumálaráðherranum.

Enn fremur er á það að minnast, að engum embættismanni ríkisins er það slík lífsnauðsyn, ef starfið á að bera árangur, að eiga traust og tiltrú fólksins eins og einmitt prestunum. Án slíks trausts er og hlýtur starf þeirra að verða ófullnægjandi. Þess vegna tel ég, að sérstök ástæða sé fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir það, að söfnuðum verði skipaður sá prestur, sem ekki er vitað um, að meiri hluti safnaðar muni bera traust til eða geti að minnsta kosti sæmilega sætt sig við. Þessu mikilsverða marki verður naumast náð nema með því, að söfnuðirnir sjálfir hafi verulega íhlutun um það, hvaða prest þeir hverju sinni fá sér skipaðan.

Enn kemur það til, að jafnan eru uppi misjafnar stefnur í trúmálum, og er á þeim vettvangi deilt eigi síður en á öðrum sviðum, og skiptast menn þar og í flokka með eða móti. Nú mun það svo, að í hinum ýmsu prestaköllum landsins geta menn í einu einkum fylgt þessari trúarstefnu, en í öðru hinni. Sýnist því eðlilegast og farsælast, að fólkið fái sjálft að velja sér þann umsækjendanna, er það telur sér vera bezt að skapi í trúarskoðunum. Með því fyrirkomulagi aftur á móti, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, er engin trygging fyrir því, að söfnuður fái skipaðan þann prest, er næst stendur meiri hluta fólksins í trúarskoðunum og túlkun trúarsannindanna. Getur slíkt auðveldlega valdið árekstrum og tjóni fyrir trúarlíf og kirkjulegan áhuga safnaðarfólksins.

Loks vil ég drepa á það, að ég tel ekki rétt eða hyggilegt að gera svo stórfellda breytingu á skipun þessara mála sem frv. fer fram á, án þess að málið sé áður ræki-lega kynnt söfnuðum landsins og prestastéttiinni sjálfri. Virðist mér, að fyrir þyrftu að liggja bæði umsagnir prestanna, héraðsfunda og jafnvel safnaðarfunda um allt land, áður slíku máli yrði endanlega ráðið til lykta.

Af öllum þeim ástæðum, sem hér að framan hafa verið taldar, tel ég mig ekki geta mælt með því, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög á þessu þingi.

Sigurgeir Sigurðsson.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.